



19. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Miðvikudagur 2. september 2026 kl. 17:00 – Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Herbert Arnarson (HA) varaformaður, Einar Hannesson (EH) gjaldkeri, Jón Bender (JB), Sigríður Sigurðardóttir (SS), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Margrét Kara Sturludóttir (MKS) og Hugi Halldórsson (HH).

Í fjárfundarbúnaði; Heiðrún Kristmundsdóttir (HK) og Ágúst Angantýsson (ÁÁ).
Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar löguð eftir athugasemdir og verður birt á kki.is

2. Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum

HSJ fór yfir mál til upplýsinga.

3. Samstarfsaðilar KKÍ

Coca Cola Europacific Partners (CCEP)er nýr samstarfsaðili KKÍ og verður Sprite vörumerkið mest áberandi í samstarfinu. Samningurinn við CCEP er til vorsins 2029.

Endurnýjaðir hafa verið samningar við Lykil og VÍS.

Samningurinn við Lykil er til vorsins 2029 en Lykill hefur verið samstarfsaðili KKÍ síðan árið 2014.

Bikarkeppni KKÍ mun því bera nafnið VÍS bikarinn áfram næstu 5 árin en samstarfið við VÍS hóst árið 2021 og var núna skrifað undir samning til vorsins 2031.

4. Vinna við kki.is og nýtt logo

Sagt frá stöðunni á vinnu með Origo við nýjan vef okkar kki.is og vinnu sem er að hefjast við logo sambandsins og fleira sem tengist þeirri vinnu.

5. Leyfiskerfi

Stjórnin ítrekar við framkvæmdastjóra að hann og skrifstofa sambandsins fylgi því eftir að félögin skili inn þeim upplýsingum sem ber að skila samkvæmt Leyfiskerfinu og að hann grípi til þeirra aðgerða sem Leyfiskerfið segir til um gagnvart þeim félögum sem ekki standa í skilum eða sinna ekki ákvæðum Leyfiskerfisins.

HSJ mun senda póst strax á félögin í Bónus deildunum vegna þessa.

6. Upplýsingarfundur fyrir aðildarfélög KKÍ 4. september 2026

Farið verður yfir ýmislegt sem tengist daglegu starfi og samskiptum félaganna og skrifstofu KKÍ. Mörg félög eru kominn með starfsmenn í þessi daglegu störf og er því fundurinn hugsaður fyrir þá aðila sem eru tengiliðir félaganna við skrifstofu KKÍ og sinna daglegu starfi körfuknattleiksfélags/deildar. Þetta er í fyrsta sinn sem fundur sem þessi er haldinn.

7. Formannafundur KKÍ 28. september 2026

Formannafundur verður haldinn mánudaginn 28. september. Rætt um dagskrá fundarins en unnið verður að henni næstu daga.

8. Kynningar/upplýsingar frá nefndum

Farið yfir störf nefnda

9. Næsti stjórnarfundur

Mánudaginn 5. október kl.17:00

Ákveðið að hafa vinnufund stjórnar föstudaginn 30. október

10. Önnur mál

Fundi slitið kl.18.20